



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2013/14







Velkomin á tónleika	4
Gimsteinar tónbókmenntanna	5
Áskriflaraðir og Regnbogakort	9
Tónleikaraðir	12

2013	■ Opið hús á Menningarnótt	24. ágúst	19
	■ Upphafstónleikar	5. sept.	23
	■ Kveðja frá Ítalíu	12. sept.	23
	■ Bach og Beethoven	19. sept.	25
	■ Skilaboðaskjóðan	28. sept.	25
	■ Dvorák og Strauss	3. okt.	27
	■ Ungsveit SÍ 2013	6. okt.	27
	■ Rozhdestvensky snýr aftur	10. okt.	29
	■ Barnastund Sinfóníunnar	19. okt.	29
	■ Fiðlukonsert og hirðdansar	24. okt.	33
	■ Sinfónían á Airwaves	31. okt.	33
	■ Ástarsögur af hvíta tjaldiru	7. nóv.	35
	■ Bartók og Schumann	14. nóv.	35
	■ Austrænir tónar	21. nóv.	37
	■ Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands	29. nóv.	37
	■ Aðventutónleikar	5. des.	39
	■ Jólatónleikar	14./15. des.	39

2014	■ Vínartónleikar	9./10./11. jan.	43
	■ Ungir einleikarar	16. jan.	43
	■ Víkingur leikur Brahms	23. jan.	45
	■ Sinfónían á Myrkum	30. jan.	45
	■ Gringolts og Volkov	6. feb.	47
	■ Barnastund Sinfóníunnar	15. feb.	47
	■ Jabba-dabba-dú!	15. feb.	49
	■ Doctor Atomic	20. feb.	49
	■ Midori leikur Mendelssohn	6. mars	53
	■ Kvöldstund með Mozart	20. mars	53
	■ Fimmta Beethovens	27. mars	55
	■ Tectonics - Taka þrjú!	10.-12. apríl	55
	■ Maximús kætist í kór	26. apríl	57
	■ Ashkenazy og Ólafur Kjartan	8. maí	61
	■ Prats leikur Tsjaikovskíj	15. maí	61
	■ Dúett og Debussy	5. júní	63
	■ Landsýn	13. júní	63

Vínafélag Sinfóníunnar	67
Tónleikakynningar	67
Öflugt fræðslustarf	68
Margrómaðar hljóðritanir	69
Eldborg - Sætaskipan	70
Miðaverð og almennar upplýsingar	71
Hljóðfæraleikarar og starfsmenn	75

Velkomin á tónleika



Tónleikagestir þekkja eftirvæntinguna fyrir tónleika, hátíðarblæinn þegar gestir streyma í Eldborg og koma sér fyrir í sætum, virða fyrir sér salinn, kynna sér efnisskrána. Þegar hljómsveitarstjórinn stígur á pall er sem tíminn standi í stað. Við tekur stund andartaksins, árangur elju og fágunar, þar sem hlustandinn verður hluti af mestu meistaraverkum mannsandans.

Það er með tilhlökkun og eftirvæntingu sem Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnir dagskrá starfsársins 2013/2014. Sjaldan eða aldrei hefur jafn stór hópur framúrskarandi listamanna boðað komu sína. Hljómsveitarstjórar á borð við Dmitri Kitajenko, Gennady Rozhdestvensky, Andrew Manze og Matthew Halls, píanóleikarar eins og Jorge Luis Prats,

Jonathan Biss og Víkingur Ólafsson og fiðluleikarar á borð við Midori, Li Chuanyun og Jonathan Gandelsman; eru þó einungis örfáir listamenn hér nefndir.

Dagskráin er afar fjölbreytt að vanda, þar sem blandast saman vinsæl sígild verk frá ýmsum tímum og forvitnileg verk sem sjaldnar heyrast. Á áskriftartónleikum starfsársins verður ríkulegt framboð af dásamlegri tónlist og er vert að gefa sér góðan tíma til þess að kynna sér það sem framundan er.

Sinfóníuhljómsveit Íslands lætur sér fátt óviðkomandi á sviði tónlistar, allt frá róm-antískum stefnum úr kunnum kvikmyndum yfir í víkingarokk Skálmaldar. Aðventutónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru með hátíðlegustu tónleikum ársins og nýju ári er best fagnað á tilkomumiklum og fjörugum Vínartónleikum.

Sinfóníuhljómsveitin leggur mikla rækt við kynslóðina sem er að vaxa úr grasi. Í áskriftarröð Litla tónsprotans er skemmtun og fróðleikur fyrir stálpuð börn og foreldra, en fyrir allra yngstu börnin er boðið upp á stutta Barnastund í anddyri Hörpu.

Fræðslustarf Sinfóníuhljómsveitarinnar er öflugt, meðal annars býður hljómsveitin tugþúsundum barna og ung-

menna á skólatónleika á hverju starfsári, allt frá leikskólabörnum til menntaskólanema. Hljómsveitin sinnir jafnframt fræðslu fyrir fullorðna af miklum metnaði, m.a. með kynningum á undan tónleikum.

Þær breytingar verða á starfsliði Sinfóníuhljómsveitarinnar í september að nýr framkvæmdastjóri, Arna Kristín Einarsdóttir, mun taka við hljómsveitinni. Um leið og ég óska henni velfarnaðar vil ég nota tækifærið og þakka tónleikagestum, hljóðfærleikurum, starfsliði og öðrum sem að starfi Sinfóníuhljómsveitarinnar koma fyrir stórkostleg fjögur ár í starfi framkvæmdastjóra. Það hefur verið heiður og dýrmæt lífsreynsla að stýra hljómsveitinni á einstökum tímamótum í sögu hennar og verða vitni að þeim mikla og vaxandi áhuga sem Sinfóníuhljómsveit Íslands nýtur í samfélaginu.

Að lokum vil ég óska þér, lesandi góður, góðra stunda í fylgd dýrlegrar tónlistar. Góða skemmtun á tónleikum.

Sigurður Nordal
framkvæmdastjóri

Gimsteinar tónbókmenntanna



Mér er það mikið ánægjuefni að fylgja úr hlaði enn einu spennandi starfsári með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á starfsárinu 2013/2014 kemur hljómsveitin víða við, allt frá *Scheherezade* Rimskíj-Korsakovs til píanókonserts Ligetis, og flytur fjölbreytta efnisskrá, fulla af gimsteinum tónbókmenntanna. Við beinum sjónum að sígildum hljómsveitarverkum á borð við *Eroicu* Beethovens, *Myndir á sýningu* eftir Músorgskíj, *Sinfóníu nr. 102* eftir Haydn og áttundu sinfóníu Dvoráks, svo fátt eitt sé nefnt.

Við bjóðum marga nýja stjórnendur velkomna, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í fremstu röð, þeirra á meðal Jun Märkl, Andrew Manze, Christian Mandeal og Leo Hussein. Sjálfur Dmitri Kitajenko hefur starfsárið með tveimur rússneskum perlum sem hann túlkar með óviðjafnanlegum hætti. Auk þess er okkur sérstök ánægja að taka á móti hljómsveitarstjórum sem hafa áður stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni, eins og Eivind Aadland, Matthew Halls og Markus Poschner.

Starfsárið er svo fullkomnað með okkar ástsælu meisturum, Vladimir Ashkenazy og Gennady Rosdestvenskíj, sem hvor um sig mun stjórna hrifandi verkum á borð við fyrstu sinfóníu Brahms og tíundu sinfóníu Sjostakovitsj. Einn af hápunktum starfsársins er fyrsta heimsókn píanóleikarans Jorge Luis Prats hingað til lands, en hann er nánast goðsögn í tónlistarheiminum. Hann leikur hinn magnaða fyrsta píanókonsert Tsjaikovskíj. Sjálfur hlakka ég mjög til að vinna með fjórum ungum tónlistarmönnum, þeim Jonathan Biss, Ilya Gringolts, Johnny Gandelsman og Allison Bell, sem öll eru framúrskarandi og einstakir listamenn.

Fjölmargir frábærir íslenskir tónlistarmenn koma fram með hljómsveitinni, má þar nefna Víking Heiðar Ólafsson, Elfu

Rún Kristinsdóttur, Hallveigu Rúnarsdóttur, Sif Margréti Tulinius og Hallfríði Ólafsdóttur. Sá mikli fjöldi afbragðshljóðfæraleikara og söngvara sem hér er að finna, er einn vitnisburður þess hversu öflug tónlistarmenningin er á Íslandi.

Að lokum má geta þess að Sinfóníuhljómsveitin mun halda áfram að flytja lykilverk 20. og 21. aldar. George Benjamin, sem telst meðal fremstu tónskálda vorra daga, mun stjórna fjölbreyttri efnisskrá með Debussy í brennidepli, auk þess sem píanóleikarinn og samstarfsmaður Benjamins, Nicholas Hodges, leikur píanókonsert Ligetis og *Duet fyrir píanó og hljómsveit* eftir Benjamin sjálfan. Sérlega spennandi verður að heyra slagverkssnillinginn Colin Currie frumflytja konsert Áskels Mássonar og á sömu tónleikum flytur hljómsveitin *Doctor Atomic Symphony* eftir bandaríska tónskáldið John Adams. Þá mun Daníel Bjarnason stjórna hljómsveitinni á Myrkum músikdögum, meðal annars nýju verki eftir Þuríði Jónsdóttur og klassísku samtíma-verki eftir Steve Reich auk eigin hljómsveitarverks.

Ég hlakka til að sjá ykkur öll í Hörpu! Það verður sannkallað ævintýri.

Ilan Volkov
aðalhljómsveitarstjóri







Áskriftaraðir

Besta leiðin til tryggja sér öruggt sæti og góðan afslátt
– og drífa sig af stað.

Áskrift veitir þér 20–30% afslátt af tónleikum í hverri röð og er jafnframt hvatning til að sækja tónleika reglulega. Áskrifandi bíður ekki í röð í miðasölu fyrir tónleika, gengur alltaf að sæti sínu vísu og á forkaupsrétt að sætinu þegar áskrift er endurnýjuð. Hægt er að borga með léttgreiðslum og jafnframt fá áskrifendur 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika og 15% afslátt í verslun 12 tóna.

- Ein áskrift veitir 20% afslátt.
- Tvær áskriftaraðir, t.d. Gul og Rauð, veita 25% afslátt.
- Þrjár áskriftaraðir, Gul, Rauð og Græn, veita 30% afslátt.
- Afsláttur er af almennu miðaverði.

Tryggðu þér áskrift!

Regnbogakort

Þín eigin tónleikaröð með 20-50% afslætti.

Með Regnbogakorti ert þú listrænn stjórnandi á þínu heimili. Þú velur þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggir þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með að minnsta kosti fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar.

Regnbogakort eru frábær kostur fyrir 25 ára og yngri, sem fá 50% afslátt af miðaverði á verðsvæðum 2, 3 og 4.

Sala nýrra Regnbogakorta hefst 26. júní 2013.

Ungt fólk borgar helmingi minna!

Miðasala í Hörpu www.sinfonia.is / s: 528 5050

Í Hörpu virka daga kl. 10-18 og um helgar kl. 12-18. midasala@harpa.is / www.sinfonia.is / www.harpa.is

Almenn miðasala hefst 23. ágúst 2013.

Ítarlegt yfirlit yfir tónleikaraðir er að finna á bls. 12-17.

Upplýsingar um verð og sätaskipan er að finna á bls. 70-71.





Gul tónleikaröð

Gula röðin er afbragðskostur fyrir þá sem vilja heyra fjölbreytilega klassíska tónlist.

Fim. 12. sept. » 19:30

bls. 23

Kveðja frá Ítalíu

Claude Debussy *Suite Bergamasque*

Felix Mendelssohn Bartholdy

Sinfónía nr. 4, Ítalska sinfónían

Hector Berlioz *Haraldur á Ítalíu*

Jun Märkl hljómsveitarstjóri

Lars Anders Tomter einleikari

Fim. 10. okt. » 19:30

bls. 29

Rozhdestvensky snýr aftur

Nikolai Rimsky-Korsakov

Rússneskir páskar

Píanókoncert

Dmitrij Sjostakovitsj *Sinfónía nr. 10*

Gennady Rozhdestvensky

hljómsveitarstjóri

Viktoría Postnikova einleikari

Fim. 21. nóv. » 19:30

bls. 37

Austræninir tónar

Áskell Músson *Frón*

Aram Khatsjaturjan *Fíðlukonsert*

Zhou Long *The Rhyme of Taigu*

Florent Schmitt *Harmleikur*

Salóme – svíta

Lan Shui hljómsveitarstjóri

Li Chuanyun einleikari

Fim. 23. jan. » 19:30

bls. 45

Víkingur leikur Brahms

Johannes Brahms *Píanókoncert nr. 1*

Georges Enescu *Rúmensk Rapsódía nr. 1*

Franz Peter Schubert *Sinfónía nr. 6*

Christian Mandeal hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Fim. 20. feb. » 19:30

bls. 49

Doctor Atomic

Áskell Músson *Slagverkskonsert*

Samuel Barber *First Essay*

John Adams *Doctor Atomic Symphony*

Baldur Brönnimann hljómsveitarstjóri

Colin Currie einleikari

Fim. 27. mars » 19:30

bls. 55

Fimmta Beethovens

Daníel Bjarnason *Nýtt verk*

Ígor Stravinskij *Eldfuglinn-svíta*

Maurice Ravel *Shéhérazade*

Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 5*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Allison Bell einsöngvari

Fös. 13. júní » 19:30

bls. 63

Landsýn

Haukur Tómasson *Storka (Magma)*

Jón Leifs *Landsýn, Hafís*

Jean Sibelius *Sinfónía nr. 5*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Schola cantorum og

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson stjórnandi

Rauð tónleikaröð

Fyrir þá sem vilja hlusta á stóra sinfóníuhljómsveit í öllu sínu veldi leika kröftuga og áhrifamikla tónlist.

Fim. 5. sept. » 19:30

bls. 23

Upphafstónleikar

Nikolaj Rimskij-Korsakov *Scheherazade*

Modest Músorgskij *Myndir á sýningu*

Dmitri Kitajenko hljómsveitarstjóri

Fim. 3. okt. » 19:30

bls. 27

Dvorák og Strauss

Richard Strauss *Don Juan*

Witold Lutoslawski *Partita*

Jónas Tómasson *Leikleikur*

Antonin Dvorák *Sinfónía nr. 8*

Michal Dworzynski hljómsveitarstjóri

Sif Margrét Tulinius einleikari

Fim. 14. nóv. » 19:30

bls. 35

Bartók og Schumann

Jonathan Harvey *Body Mandala*

Robert Schumann

Píanókonsert í a-moll

Béla Bartók *Konsert fyrir hljómsveit*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Jonathan Biss einleikari

Fim. 6. feb. » 19:30

bls. 47

Gringolts og Volkov

Richard Wagner *Lohengrin*,
forleikur að 1. þætti

Arnold Schönberg *Fíðlukonsert*

Robert Schumann *Sinfónía nr. 4*,

upprunaleg gerð

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Ilya Gringolts einleikari

Fim. 6. mars » 19:30

bls. 53

Midori leikur Mendelssohn

Oliver Kentish *Glaðheimr*

Felix Mendelssohn

Fíðlukonsert í e-moll

Pjotr Tsjajkovskij

Sinfónía nr. 4

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri

Midori einleikari

fim. 8. maí » 19:30

bls. 61

Ashkenazy og Ólafur Kjartan

Sergej Rakhmanínov *Dauðraeyjan*

Modest Músorgskij *Söngvar og dansar dauðans*

Johannes Brahms *Sinfónía nr. 1*

Vladimir Ashkenazy

hljómsveitarstjóri

Ólafur Kjartan Sigurðarson

einsöngvari

Fim. 5. júní » 19:30

bls. 63

Dúett og Debussy

Claude Debussy *Children's Corner* –
úts. Hans Abrahamsen

György Ligeti *Píanókonsert*

George Benjamin *Duet*

Claude Debussy *La mer*

George Benjamin hljómsveitarstjóri

Nicholas Hodges einleikari

Græn tónleikaröð

Þeir sem hafa gaman af vinsælli og grípandi klassískri tónlist ættu að kynna sér Grænu röðina.

Fim. 19. sept. » 19:30

bls. 25

Bach og Beethoven

Jean-Philippe Rameau

Dardanus ballettsvíta

Johann Sebastian Bach

Fiðlukonsert í a-moll

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 3, Eroica

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Jonathan Gandelsman einleikari

Fim. 24. okt. » 19:30

bls. 33

Fiðlukonsert og hirðdansar

Henry Purcell/Andrew Manze Svíta

Benjamin Britten

Konsert fyrir fiðlu

Hirðdansar úr sinfónískri

svítu, Gloriana

Joseph Haydn Sinfónía nr. 102

Andrew Manze hljómsveitarstjóri

Anthony Marwood einleikari

Fim. 9. jan. » 19:30

bls. 43

Vínartónleikar 2014

Glæsileiki og gleði einkennir Vínartónlistina sem mörgum þykir ómissandi upphaf á nýju ári.

Peter Guth

hljómsveitarstjóri

Hanna Dóra Sturludóttir

og **Gissur Páll Gissurarson**

einsöngvarar

Fim. 20. mars » 19:30

bls. 53

Kvöldstund með Mozart

Wolfgang Amadeus Mozart

Balletttónlist úr Idomeneo

Flautukonsert nr. 1

Maurerische Trauermusik

Sinfónía nr. 36, Linz

Leo Hussain hljómsveitarstjóri

Hallfríður Ólafsdóttir einleikari

Fim. 15. maí » 19:30

bls. 61

Prats leikur Tsjajkovskíj

Pjotr Tsjajkovskíj Píanókonsert nr. 1

Sergei Prokofjev Sinfónía nr. 5

Markus Poschner hljómsveitarstjóri

Jorge Luis Prats einleikari

Litli tónsprotinn

Áskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem ungir tónlistarunnendurnir fá tækifæri til að kynnst töfrum tónlistarinnar.

Lau. 28. sept. » 14:00

bls. 25

Skilaboðaskjóðan

Jóhann G. Jóhannsson

Tónlist úr Skilaboðaskjóðunni

Bernharður Wilkinson

hljómssveitarstjóri

Eypör Ingi Gunnlaugsson,

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,

Sigríður Thorlacius og

Örn Árnason söngvarar

Gradualekórar Langholtskirkju

Jón Stefánsson kórstjóri

Lau. 26. apríl » 14:00

bls. 57

Maxímús kætist í kór

Nýtt ævintýri um Maxímús Músíkús þar sem tónelska músin slæst í för með stórum hópi kórbarna sem syngja og herma eftir dýrahljóðum, Maxa til mikillar skemmtunar. Hann kynnist hressum krökkum og lærir skemmtilega söngva og fjörugar lagasyrpur á ólíkum tungumálum.

Bernharður Wilkinson

hljómssveitarstjóri

Valur Freyr Einarsson

sögumaður

Barnakórar

Lau. 14. des. » 14:00

bls. 39

Jólatónleikar

Sigurður Ingvi Snorrason Jólaforleikur

G.Wyle & E.Pola Hátíðirnar

Erlend jólalög Jólasyrpa fyrir bjöllumkór

Leroy Anderson Bugler's Holiday

John Rutter Jesus Child

Pjotr Tsjajkovskij Dans snjókornanna

úr Hnotubrjótnum

Sígildir jólasöngvar

Sigrún Hjálmtýsdóttir og

Kolbrún Völkudóttir einsöngvarar

Ungir trompetleikarar, bjöllumkór

og barnakórar

Jabba-dabba-dú!

Hoyt Curtin úr Steinaldarmönnunum

Robert og Richard Sherman

Syrpa úr Mary Poppins

Henry Mancini Bleiki Pardusinn

Lalo Schifrin úr Mission Impossible

Klaus Badelt og Hans Zimmer

Syrpa úr Sjóræningjum Karíbahafsins

Harold Arlen Yfir regnbogann, úr

Galdrakarlinum í Oz

John Williams úr Stjörnustríði

Ray Parker Draugabánar

Bernharður Wilkinson

hljómssveitarstjóri

Góí kynnir



Ýmsir tónleikar

Lau. 28. sept. » 16:00

bls. 25

Skilaboðaskjóðan

Jóhann G. Jóhannsson

Tónlist úr Skilaboðaskjóðunni

Bernharður Wilkinson

hljómssveitarstjóri

Eyþór Ingi Gunnlaugsson,

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,

Sigríður Thorlacius og

Örn Arnason söngvarar

Gradualekórar Langholtskirkju

Jón Stefánsson kórstjóri

Sun. 6. okt. » 17:00

bls. 27

Ungsveit SÍ 2013

Hector Berlioz *Karnival í Róm, op. 9*

Edward Elgar *Sellókonsert í e-möll*

Claude Debussy *La mer*

Petri Sakari hljómssveitarstjóri

Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari

Fim. 31. okt. » 19:00

bls. 33

Sinfónían á Airwaves

Ólafur Arnalds og Árstíðirnar

Max Richter *Árstíðirnar fjórar*

Ólafur Arnalds *For now I am winter*

André de Ridder hljómssveitarstjóri

Elfa Rún Kristinsdóttir einleikari

Ólafur Arnalds

Arnór Dan Arnarson

Fim. 7. nóv. » 19:30

bls. 35

Ástarsögur af hvíta tjaldinu

Kvikmyndatónlist frá ýmsum tímum sem á það sameiginlegt að snerta streng í hjarta hlustenda.

Frank Strobel

hljómssveitarstjóri

Fös. 29. nóv. » 20:00

bls. 37

Skálmöld og Sinfóníuhljómssveit Íslands

Tónlist Skálmaldar er þungarokk með þjóðlaga- og víkingaáhrifum og verður magnað að sjá þessar tvær sveitir sam- einast á sviði.

Bernharður Wilkinson

hljómssveitarstjóri

Fim. 5. des. » 19:30

bls. 39

Aðventutónleikar

Antonio Vivaldi

Veturinn úr Árstíðunum

Marc-Antoine Charpentier

Nótt úr Söng á fæðingarhátíð herrans

Úr Jólasöngvum fyrir hljóðfæri

Johann Sebastian Bach

Fagnid fyrir guði í öllum löndum

Astor Piazzolla *Veturinn úr Árstíðunum fjórum í Buenos Aires*

Georg Friedrich Händel *Tónlist fyrir*

hina konunglegu flugelda

Wolfgang Amadeus Mozart

Exsultate, jubilate

Sinfónía nr. 31, Parísarsinfónían

Matthew Halls hljómssveitarstjóri

Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari

Lau. 14. des. » 16:00 bls. 39
Sun. 15. des. » 14:00 bls. 39

Jólatónleikar

Sigurður Ingvi Snorrason *Jólaforleikur*
G.Wyle & E.Pola *Hátíðirnar*
Erlend jólalög *Jólasyrpa fyrir bjöllum*
Leroy Anderson *Bugler's Holiday*
John Rutter *Jesus Child*
Pjotr Tsajkovskij *Dans snjókornanna*
úr Hnotubrjótnum
Sigildir jólasöngvar
Sigrún Hjálmtýsdóttir og
Kolbrún Völkudóttir *einsöngvarar*
Ungir trompetleikarar, bjöllum
og barnakórar

Fös. 10. jan. » 19:30 bls. 43
Lau. 11. jan. » 16:00 bls. 43

Vínartónleikar 2014

Peter Guth
hljómveitarstjóri
Hanna Dóra Sturludóttir og
Gissur Páll Gissurarson
einsöngvarar

Fim. 16. jan. » 19:30 bls. 43

Ungir einleikarar

Dagskrá kynnt síðar
Bernharður Wilkinson
hljómveitarstjóri
Sigurveggarar úr einleikarakeppni
SÍ og LHÍ

Fim. 30. jan. » 19:30 bls. 45

Sinfónían á Myrkum

Haukur Tómasson *Í sjöunda himni*
Daniel Bjarnason
The Isle is full of noises
Puriður Jónsdóttir *Nýtt verk*
Steve Reich *Three Movements*
Daniel Bjarnason *hljómveitarstjóri*
Hamrahlíðarkórarnir
Þorgerður Ingólfsdóttir *kórstjóri*

10., 11. & 12. apríl bls. 55

Tectonics – Taka þrjú!

Tónlistarhátíð fyrir áhugafólk um nýja
og spennandi tónlist.
Ilan Volkov
listrænn stjórnandi

Lau. 26. apríl » 16:00 bls. 57

Maxímús kætist í kór

Nýtt ævintýri um Maxímús Músíkús
þar sem tónelska músin slæst í för
með stórum hópi kórbarna.
Bernharður Wilkinson
hljómveitarstjóri
Valur Freyr Einarsson *sögumaður*
Barnakórar



Anna Guðný Guðmundsdóttir



Bernharður Wilkinson



Veiða vind

Opið hús á Menningarnótt

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður á tvenna tónleika á Menningarnótt í Eldborgarsal Hörpu. Ókeypis er á tónleikana og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Boðið verður upp á barnatónleika með færeyska tónlistarævintýrinu *Veiða vind* í íslenskri þýðingu Þórarins Eldjárns þar sem Góí er í hlutverki sögumanns og síðdegistónleika með vinsælum klassískum verkum. Hægt verður að sækja aðgöngumiða í miðasölu á tónleikadegi.

Lau. 24. ág. » 15:00

Álfar og riddarar

Jón Leifs Íslensk rímnadanslög
Kári Bæk *Veiða vind*
Atli K. Petursen Ólavur Riddararós
Bernharður Wilkinson
hljómsveitarstjóri
Góí sögumaður

Veiða vind er einstaklega kraftmikið og heillandi færeyskt tónlistarævintýri eftir Rakel Helmsdal rithöfund, Kára Bæk tónskáld og myndskreytinn Janus á Húsagarði í íslenskri þýðingu Þórarins Eldjárns. Seiðandi danstónlist, kraftmikið slagverk og riddaraleg lúðraköll einkenna þetta framúrskarandi barnaverk. Myndskreytingum Janusar er varpað upp á

stórt tjald meðan á flutningi ævintýrsins stendur. Íslensk rímnadanslög Jóns Leifs og útsetning Atla K. Petursens á Ólavi Riddararós er kröftug og hressileg tónlist á þjóðlegum nótum sem rímar einkar vel við riddarann og álfastúlkuna.

Lau. 24. ág. » 17:00

Uppáhaldsklassík

Gioacchino Rossini
Forleikur að Vilhjálmí Tell
Johannes Brahms
Ungverskur dans nr. 5
Richard Wagner *Lohengrin*,
forleikur að 3. þætti
Dmitrij Sjostakovitsj *Andante úr*
píanókonsert nr. 2
Pietro Mascagni *Intermezzo*
úr Cavalleria Rusticana
Johann Strauss *Pizzicato-polki*
Aram Khachaturian *Vals og Galopp*
úr Masquerade-svítunni
Bernharður Wilkinson
hljómsveitarstjóri
Anna Guðný Guðmundsdóttir
einleikari

Fjölbreytt og skemmtileg klukkustundarlöng dagskrá með sígildum hljómsveitarverkum.

Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari hefur fyrir löngu skipað sér í hóp okkar fremstu tónlistarmanna, sem einleikari og flytjandi kammer- og hljóm-sveitartónlistar hér heima og erlendis. Anna Guðný er fastráðinn hljóðfæraleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri hefur starfað með hljómsveitinni hátt í fjóra áratugi, fyrst sem flautuleikari og síðar sem hljómsveitarstjóri. Bernharður

hefur verið mikilvirkur í tónlistarkennslu og miðlun tónlistar fyrir börn og ungmenntu og hefur auk þess stjórnað fjölda vinsælla tónleika með Sinfóníunni og helstu dægurstjörnum landsins.

Kynnir á tónleikunum er Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri Sinfóníuhljóm-sveitarinnar.

„Um leið og litlibróðir stekkur af stað með sverð í hendi og segist vera Ólafur riddarahross fer hugurinn á flug.“

— Veiða vind



Haust, vetur og vor 2013/14






Dmitri Kitajenko



Jun Märkl



Jun Märkl



Lars Anders Tomter

Fim. 5. sept. » 19:30

Upphafstónleikar

Nikolaj Rimskíj-Korsakov

Scheherazade

Modest Músorgskíj

Myndir á sýningu

Dmitri Kitajenko

hljóm-
sveitarstjóri

Tónleikakynning » 18:00

Hinn heimspekkti rússneski hljóm-
sveitarstjóri Dmitri Kitajenko heldur
um tónsprotann á glæsilegum upphafs-
tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
Dmitri Kitajenko er einn merkasti hljóm-
sveitarstjóri samtímans en hann stjórnar
reglulega þekktustu hljómsveitum
heims á borð við Berlínarfílharmón-
íuna, Sinfóníuhljómsveit Vínarborgar og
Gewandhaus-hljómsveitina í Leipzig.

Á efnisskránni eru tvö verk sam-
landa Kitajenkos, *Myndir á sýningu* eftir
Músorgskíj og hljómsveitarsvíta Rimskíj-
Korsakovs, *Scheherazade*. Bæði tónverkin
eru meðal helstu djásna rússneskra
tónbókmennta og upphafstónleikar
Sinfóníuhljómsveitar Íslands því sann-
kölluð veisla í tónum.

Ævintýrið Þúsund og ein nótt er söguvið
hljómsveitarsvítunnar *Scheherazade*.
Seiðandi tónlist Rimskíj-Korsakovs er
undir austurlenskum og rússneskum
áhrifum og nær tónskáldið að galdra
fram heillandi ævintýrastemningu í þess-
ari litríku hljómsveitarsvítu.

Í kjölfar andláts myndlistarmannsins
Viktors Hartmann var haldin sýning
á verkum hans sem hafði mikil áhrif á
rússneska tónskáldið Modest Músorgskíj
sem syrgði góðan vin. Sýningin varð upp-
spretta að tónverki fyrir píanó í minn-
ingu Hartmanns sem Músorgskíj nefndi
Myndir á sýningu. Franska tónskáldið
Ravel færði svo verkið í þann hljóm-
sveitarbúning sem notið hefur gífurlegra
vinsælda æ síðan og leikinn er á upp-
hafstónleikum.

Fim. 12. sept. » 19:30

Kveðja frá Ítalíu

Claude Debussy *Suite Bergamasque*

Felix Mendelssohn Bartholdy

Sinfónía nr. 4, Ítalska sinfónían

Hector Berlioz *Haraldur á Ítalíu*

Jun Märkl hljóm-
sveitarstjóri

Lars Anders Tomter einleikari

„Ítalska sinfónían er farin að taka á sig
mynd. Hún verður glaðlegasta verk
sem ég hef nokkurn tíma samið.“ Þessi
orð skrifaði Mendelssohn Fanny systur
sinni frá Róm árið 1831. Sinfónían sem
var frumflutt í London 1833 er full af
unggæðingslegum krafti.

Þetta sama ár kynntust þeir Hector
Berlioz og fiðlusnillingurinn Niccolò
Paganini. Kunningsskapurinn varð
kveikjan að sinfóníunni um *Harald á Ítalíu*.
Efniviðinn sækir Berlioz meðal annars
í ljóð Byrons lávarðar um pílgrímsferð
Haralds hins unga. Þetta er seiðmagnað
verk þar sem einleiksvíólan ljær Haraldi
rödd sína. Einleikarinn Lars Anders
Tomter er í röð fremstu víóluleikara og
hefur hann starfað með nafntoguðum
listamönnum á borð við Ashkenazy,
Penderecki, Jansons og Andsnes.

Eitt dádasta píanóverk Debussys er
Suite Bergamasque. Nafngiftin er sótt í
ljóð Pauls Verlaine um tunglskinið og er
hljómsveitargerðin einkar hrífandi og í
anda tónskáldsins.

Þýski hljómsveitarstjórinn Jun Märkl
hefur stjórnað þekktum hljómsveitum
austan hafs og vestan. Undanfarinn
áratug hefur hann verið aðalhljómsveit-
arstjóri Þjóðarhljómsveitarinnar í Lyon og
MDR-hljómsveitarinnar í Leipzig.



Ilan Volkov




Sigríður Thorlaciús



Eyþór Ingi Gunnlaugsson



Jonathan Gandelsman



Jóhanna Vigdís Arnardóttir



Örn Árnason

Fim. 19. sept. » 19:30

Bach og Beethoven

Jean-Philippe Rameau

Dardanus ballettsvíta

Johann Sebastian Bach

Fíðlukonsert í a-moll

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 3, Eroica

Ilan Volkov hljómveitarstjóri

Jonathan Gandelsman einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Jonathan Gandelsman, verðlaunahafi Kreisler-fíðlukeppninnar og Menuhin-keppninnar, er einn eftirtektarverðasti fíðluleikari yngri kynslóðarinnar. Hann er ákafur talsmaður lista án landamæra og meðlimur í Silk Road tónlistarhópnum, einum áhugaverðasta tónlistarhópi samtímans. Gandelsman er einn stofnenda Brooklyn Rider strengjakvartettsins sem gagnrýnendur hafa hlaðið lofi.

Bach var undir ítölskum áhrifum þegar hann samdi hinn undurfallega fíðlukonsert í a-moll. Konsertinn er einkar áferðarfagur þar sem raddir hljómveitar og einleikara eru ofnar saman á fingerðan hátt. Annar þáttur konsertsins er áhrifamikill og algjör andstæða lokapáttarins sem krefur einleikarann um stigmagnandi virtúósatilþrif.

Tónlist Jean-Philippe Rameau við óperuna *Dardanus* þótti nýstárleg og olli miklu fjaðrafoki við frumflutning hjá íhaldssamari hlustendum. Óperan byggir á grískri goðsögn og setti Rameau saman svítu úr litríkum og fjölbreyttum dansþáttum óperunnar.

Beethoven bjó yfir miklu dramatísku innsæi sem kom hvergi skýrar fram en í sínfóníum hans sem teljast til öndvegisverka tónbókmenntanna. Þriðju sínfóníuna tileinkaði tónskáldið Napóleón Bonaparte, en dró tileinkunina til baka þegar franska þingið gaf Bonaparte keisaranafnbót. Þriðja sínfónían er það tónverk sem hljómar hvað oftast á tónleikum sínfóníuhljómveita um allan heim.

Litli tónsprotinn

Lau. 28. sept. » 14:00

Skilaboðaskjóðan

Lau. 28. sept. » 16:00

Jóhann G. Jóhannsson

Tónlist úr Skilaboðaskjóðunni

Bernharður Wilkinson

hljómveitarstjóri

Eyþór Ingi Gunnlaugsson,

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,

Sigríður Thorlacius og

Örn Árnason söngvarar

Gradualekórar Langholtskirkju

Jón Stefánsson kórstjóri

Heillandi, litrík og fjörug tónlistin úr ævintýrasöngleiknum *Skilaboðaskjóðunni* verður flutt á upphafstónleikum Litla tónsprotans. *Skilaboðaskjóðan* eftir Þorvald Þorsteinsson með tónlist eftir Jóhann G. Jóhannsson var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu í nóvember 1993 og fékk fádæma góðar viðtökur. Tónlistin hefur lifað sjálfstæðu lífi utan leikhússins og verður nú flutt í nýrri útsetningu tónskáldsins fyrir Sínfóníuhljómveit Íslands.

Með hljómveitinni kemur fram söng- og leikhúsfólk í fremstu röð sem mun leysa frá skjóðunni í tali og tónum og gæða persónur ævintýraskógarins lífi.

Maddamma saumakona, Rauðhetta og úlfurinn, Mjallhvít og stjúpán, Hans og Gréta og nornin að ógleymdum Dreitli og hinum dvergum munu gleðja unga jafnt sem aldna og varpa sannkölluðum ævintýraljóma inn í Eldborgarsal Hörpu.

Ævintýralega spennandi tónleikar þar sem Sínfóníuhljómveit Íslands undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar slæst í för með persónum *Skilaboðaskjóðunnar* svo takast megi að bjarga Putta litla. Höfundur tónlistarinnar, Jóhann G. Jóhannsson, starfaði um árabíl sem tónlistarstjóri Þjóðleikhússins.

„Veruleikinn oftast er ævintýri líkur; undarlegur, grautarlegur og bragðgóður sem slíkur.“

— Úr *Skilaboðaskjóðunni*



Sif Margrét Tulinius



Michał Dworzynski



Ungsveit Sí



Sæunn Þorsteinsdóttir

Fim. 3. okt. » 19:30

Dvorák og Strauss

Richard Strauss *Don Juan*
Witold Lutoslawski *Partíta*
Jónas Tómasson *Leikleikur*
Antonin Dvorák *Sinfónía nr. 8*

Michal Dworzynski hljómsveitarstjóri
Sif Margrét Tulinius einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Pólverjinn Witold Lutoslawski var eitt merkasta og áhrifamesta tónskáld síðustu aldar, en í ár eru 100 ár liðin frá fæðingu hans. Það á því vel við að landi hans, hljómsveitarstjórinn Michal Dworzynski, stjórni hinni mögnuðu *Partítu* fyrir fiðlu og hljómsveit, þar sem Sif Margrét Tulinius leikur einleik.

Dworzynski vakti heimsathygli árið 2006 þegar hann bar sigur úr bítum í Donnatella-Flick hljómsveitarstjórakeppninni og hefur allar götur síðan verið einn eftirsóttasti stjórnandi af yngri kynslóð hljómsveitarstjóra. Hann hefur tvívegis áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum og vakið mikla hrifningu, meðal annars á lokatónleikum hljómsveitarinnar í Háskólabíói í apríl 2011.

Sif Margrét Tulinius gegnir stöðu annars konsertmeistara við Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur um árabil verið á meðal fremstu hljóðfæraleikara landsins sem einleikari, í flutningi kammertónlistar, samtímatónlistar sem og flutningi á eldri tónlist.

Frásögnin af *Don Juan* hefur verið mörgum tónskáldum innblástur til tónsmíða í gegnum tíðina. Tónaljóð Richards Strauss um flagarann viðfræga er líkt og *Don Juan* sjálfur, fullt af andstæðum og tilfinningum sem gera miklar kröfur til hljómsveitarinnar.

Áttunda sinfónía tékkneska tónskáldsins Antonins Dvorák er innblásin af tónlistararfi Bóhemíu. Hér er málað í björtum litum og gleðin ósvikin.

Sun. 6. okt. » 17:00

Ungsveit SÍ 2013

Hector Berlioz *Karnival í Róm, op. 9*
Edward Elgar *Sellókonsert í e-moll*
Claude Debussy *La mer*

Petri Sakari hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari

Undanfarin fjögur ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og stjórnenda.

Viðfangsefni Ungsveitar SÍ að þessu sinni er *Karnival í Róm*, glæsilegur hljómsveitarforleikur eftir Hector Berlioz, *La mer*, vinsælasta hljómsveitarverk Debussys, og sellókonsert Elgars, síðasta stórvirki tónskáldsins. Konsertinn var í miklu uppáhaldi hjá Elgar og öðlaðist fljótt sess meðal fegurstu perla tónbókmenntanna.

Einleikari og sérstakur gestur Ungsveitar SÍ er sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir. Sæunn útskrifaðist með meist-

aragráðu frá Juilliard-tónlistarskólanum 2008 en hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga og starfar með heimsþekktum stjórnendum og hljóðfæraleikurum. Samhliða því að starfa sem einleikari og kammertónlistarmaður sinnir hún verkefnum á vegum menntaeldar New York-borgar.

Stjórnandi Ungsveitar SÍ er finnski hljómsveitarstjórinn Petri Sakari, fyrrum aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ungsveit SÍ var stofnuð ári 2009 til þess að gefa lengra komnum tónlistaræmum tækifæri til að starfa í umhverfi atvinnutónlistarmanna. Ungsveitin er hluti af metnaðarfullu fræðslustarfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



Gennady Rozhdestvensky



Úr skólaheimsókn SÍ

Fim. 10. okt. » 19:30

Rozhdestvensky snýr aftur

Nikolai Rimsky-Korsakov

Rússneskir páskar

Píanókoncert

Dmitrij Sjostakovitsj

Sinfónía nr. 10

Gennady Rozhdestvensky

hljómsveitarstjóri

Viktoría Postnikova einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Gennady Rozhdestvensky er goðsögn í lifanda lífi og einn kunnasti hljómsveitarstjóri samtímans. Milli hans og Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur myndast náð samband sem skapað hefur ógleymanlegar stundir í tónleikasal. Í fylgd meistarans er eiginkona hans, píanóleikarinn Viktoria Postnikova, og í farteskinu þrjú öndvegisverk rússneskra tónbókmennta.

Hátíðarforleikurinn *Rússneskir páskar* er hið síðasta í röð þriggja glæsiverka sem Rimsky-Korsakov samdi á árunum 1886-87. Páskaforleikurinn er byggður á fornum trúarsöngvum rússnesku ortódoxkirkjunnar. *Píanókoncertinn* sem Korsakov samdi fyrr á sama áratug byggir aftur á móti á einu stafi, rússnesku þjóðlagi. Konsertinn er óvenjustuttur en tilkomumikill í alla staði.

Einhvers staðar stendur að *10. sinfónía* Sjostakovitsj sé 48 mínútur af harmi, örvæntingu, ótta og ofbeldi og tvær mínútur af sigurgleði. Sinfónían var frumflutt í árslok 1953, átta mánuðum eftir dauða Stalíns, en álitid er að í verkinu dragi tónskáldið upp mynd af lífinu í Ráðstjórnarríkjunum á tímum Stalíns.

Gennady Rozhdestvensky er annálaður túlkandi tónlistar Sjostakovitsj og því einkar spennandi tónleikar í vændum.

Lau. 19. okt. » 11:30

Barnastund Sinfóníunnar

Í Barnastundinni laugardaginn 19. október verður fluttur fjörugur polki Johanns Strauss, *brumur og eldingar*, af hljóðfæraleikurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig verður flutt úrval léttra og skemmtilegra laga sem koma öllum í gott skap.

Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Kynnir í Barnastundinni er Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri Sinfóníunnar, en Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari leiðir Sinfóníuhljómsveitina af sinni alkunnu snilld. Sérstakur

gestur verður músin knáa, Maxímús Músíkús.

Barnastundin er hálf tíma löng og fer fram í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg. Gott er að taka með sér púða til að sitja á.

Aðgangur er ókeypis.

„Trommuslög og lipur lúðragjöll, litlum músum vekja hlátrasköll. Maxímús Músíkús músíkmús.“


— Úr Laginu hans Maxa







Anthony Marwood



Andrew Manze



Ólafur Arnalds



Elfa Rún Kristinsdóttir

Fim. 24. okt. » 19:30

Fiðlukonsert og hirðdansar

Henry Purcell/Andrew Manze

Svíta

Benjamin Britten

Konsert fyrir fiðlu

Hirðdansar úr sinfónískri svítu, Gloriana

Joseph Haydn

Sinfónía nr. 102

Andrew Manze hljómsveitarstjóri

Anthony Marwood einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Breski fiðluleikarinn Anthony Marwood leikur *Fiðlukonsert í d-moll* eftir samlanda sinn Benjamin Britten en í ár eru 100 ár frá fæðingu tónskáldsins. Fiðlukonsertin er í flokki bestu verka Brittens og því sérstakt tilhlökkunarefni að heyra hann í flutningi Marwoods sem hefur hlotið mikið lof fyrir litríka túlkun og tjáningarríkan leikmáta.

Vinsældir Haydns í Englandi voru gríðarlegar og var *Sinfónía nr. 102* flutt undir stjórn tónskáldsins í Konunglega leikhúsinu í London 1795 við rífandi undirtektir. Hljóðheimur annars þáttar sinfóníunnar þykir einn sá magnaðasti í verkum tónskáldsins.

Pokkafullir *Hirðdansar* Brittens sem hafa skemmtilega skírskotun í endurreisnartímamann og úrval léttra hljómsveitarþátta eftir Henry Purcell, sem skapaði hinn eina sanna enska barokkstíl, fara einkar vel með áheyrilegri sinfóníu Haydns.

Andrew Manze hefur á skömmum tíma skipað sér í hóp markverðustu hljómsveitarstjóra samtímans. Hann mun á næsta ári taka við stöðu aðalhljómsveitarstjóra NDR-útvarpshljómsveitarinnar í Hannover en auk þess eru fram undan verkefni hjá fílharmóníuhljómsveitunum í New York, Los Angeles og London.

„Manze býr yfir einstöku næmi fyrir hinu smáa og sértæka, hann er framúrskarandi túlkandi og nær á undraverðan hátt bæði til áheyrenda og flytjenda.“ — Seen and Heard International

Fim. 31. okt. » 19:00

Sinfónían á Airwaves

Ólafur Arnalds og Elfa Rún

Max Richter *Árstíðirnar fjórar*

Ólafur Arnalds *For now I am winter*

André de Ridder hljómsveitarstjóri

Elfa Rún Kristinsdóttir einleikari

Ólafur Arnalds

Arnór Dan Arnarson

Árstíðir Vivaldis í endurgerð Max Richter voru frumfluttar í London í lok október síðastliðnum undir stjórn André de Ridder og hljóðritun í útgáfu Deutsche Grammophone rauk strax upp í efsta sæti á vinsældarlistum í Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Einleikarinn Elfa Rún Kristinsdóttir hefur vakið athygli og aðdáun víða um heim fyrir glæsilegan leik og túlkun og sigraði hún meðal annars í alþjóðlegu Bachkeppninni í Leipzig.

André de Ridder er meðal áhugaverðustu og fjölhæfustu hljómsveitarstjórum samtímans. Hann er þekktur fyrir dirfsku í verkefnavali og samvinnu tónlistarfólks úr ólíkum geirum. Hann hefur stjórnað þekktum hljómsveitum bæði austan hafs og vestan og í mars á þessu ári stjórnaði

Ridder tónlist Ólafs Arnalds í Barbican-tónlistarmiðstöðinni í Lundúnum.

Á þessum tónleikum munu leiðir Ólafs Arnalds og Sinfóníuhljómsveitar Íslands liggja saman í fyrsta sinn. Hróður Ólafs hefur vaxið jafnt og þétt frá því hann gaf út fyrstu plötuna sína árið 2007. Verkið *For Now I Am Winter* er áræðnara og afdráttarlausara en fyrri verk tónskáldsins og ber ótvírætt vitni um mikla þróun í tónsmíðum hans.

Aðeins takamarkaður fjöldi miða verður seldur í lausasölu en þeir sem kaupa sig inn á Airwaves hátíðina fá ókeypis aðgang.



Doktor Zhivago



Brokeback Mountain



Á hverfanda hveli



Paradísarbíóið



Jonathan Biss

Fim. 7. nóv. » 19:30

Ástarsögur af hvíta tjaldinu

Tónlist úr ýmsum kvikmyndum

Frank Strobel

hljómsveitarstjóri

Tónlist hefur frá upphafi leikið stórt hlutverk í kvikmyndum. Á tíma þöglu myndanna lék píanóleikari eða hljóm-sveit á sýningum til að undirstrika atburðarásina og allar götur síðan hefur kvikmyndatónlist ein og sér notið mikillar hylli tónlistarunnenda.

Á þessum kvikmyndatónleikum er rómantíkin í fyrirrúmi. Flutt verður tónlist úr mörgum frægum myndum á borð við *Paradísarbíóið*, *Á hverfanda hveli*, *Doktor Zhivago* og *Brokeback Mountain*. Þetta er tónlist frá ýmsum tímum kvikmyndasögunnar sem á það sameiginlegt að snerta streng í hjarta hlustandans.

Þýski hljómsveitarstjórinn Frank Strobel hefur margsinnis komið til Íslands með snilldarverk kvikmyndasögunnar í farteskinu. Hann hefur helgað líf sitt

kvikmyndatónlist og grafið fjölda dýr-mætra kvikmynda og upphaflega tónlist þeirra úr gleymsku. Hann hefur unnið með fjölda hljómsveita á þessu sviði, meðal annars útvarpshljómsveitunum í Berlín, París og Helsinki, Lundúnasinfóní-unni og Sinfóníuhljómsveitinni í Sídney í Ástralíu.

Fim. 14. nóv. » 19:30

Bartók og Schumann

Jonathan Harvey *Body Mandala*

Robert Schumann

Píanókonsert í a-moll

Béla Bartók *Konsert fyrir hljómsveit*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Jonathan Biss einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Bandaríski píanósnillingurinn Jonathan Biss er einn af eftirtektarverðustu píanóleikurum sem komið hefur fram á sjónarsviðið á undanförunum árum. Sérstaklega hefur túlkun hans á verkum Schumanns og Beethovens vakið mikla athygli. Biss hefur að undanförunu helgað sig píanótónlist Schumanns og leikið verk hans á yfir fimmtíu tónleikum um allan heim. Það er því sérstakt tilhlökkunarefni að heyra þennan frábæra píanóleikara leika ljóðrænan píanókonsert Schumanns sem Clara Schumann flumflutti með Gewandhaus hljómsveitinni í Leipzig á nýársdag 1846.

Konsert fyrir hljómsveit er eitt af síðustu tónverkum sem ungverska tónskáldið Béla Bartók samdi. Verkið var pantað af Sinfóníuhljómsveitinni í Boston og Serge Koussevitzky og gerir það miklar kröfur til hljómsveitarinnar og fær hver hljóð-færahópur að láta ljós sitt skína. Þessi stórkostlegi konsert er eitt af lykiltónverkum 20. aldarinnar.

Body Mandala eftir breska tónskáldið Jonathan Harvey var samið þegar hann var staðartónskáld Skosku BBC-hljómsveitarinnar. Verkið er innblásið af búddatrú og menningarheimi Austurlanda sem var tónskáldinu hugleikinn.

„Flest af því sem ég veit um mig sjálfan,
hef ég lært í gegnum tónlist Schumanns.“

— Jonathan Biss



Lan Shui



Li Chuanyun



Skálmöld

Fim. 21. nóv. » 19:30

Austrænir tónar

Áskell Másson *Frón*

Aram Khatsjaturjan *Fiðlukonsert*

Zhou Long *The Rhyme of Taigu*

Florent Schmitt

Harmleikur Salóme – svíta

Lan Shui

hljómsveitarstjóri

Li Chuanyun

einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Kínverskt þríeyki er í aðalhlutverki á þessum tónleikum, einleikari, hljóm-sveitarstjóri og tónskáld. Fiðluleikarinn Li Chuanyun var undrabarn og vann fyrst til verðlauna í Beijing 1985 aðeins fimm ára gamall. Chuanyun er meðal eftirsóttustu einleikara veraldar og stundum kallaður „Lang Lang fiðlunnar“. Mikil eftirvænting ríkir að heyra Chuanyun flytja *Fiðlukonsert* Arams Khatsjaturjan sem frumfluttur var árið 1940 og er einn vinsælasti konsert sinnar tegundar.

Kínversk-bandaríska tónskáldið Zhou Long sækir efni verksins *The Rhyme of Taigu* í forna menningu fósturlands síns Kína. Verkið er gífurlega kraftmikið með sólóklarínettu og slagverk í burðarhlutverkum. Eins sækir Áskell Másson í menningararf heimalands síns í hljómsveitarverkinu *Frón* en í því má greina

elstu laglínur sem varðveist hafa á Íslandi.

Þá hljómar svíta Florents Schmitt um harmleik Salóme sem Stravinskíj gaf hæstu einkunn. Í ársbyrjun 1912 skrifaði Ígor Stravinskíj bréf til tónskáldsins Florents Schmitt og sagði meðal annars: „Ég verð að viðurkenna að langt er síðan tónverk hefur glatt mig eins mikið og snilldarverkið *Harmleikur Salóme*.“

Lan Shui er tónlistarstjóri Sinfóníuhljóm-sveitarinnar í Singapúr, aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Kaupmannahöfn og gestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Álaborgar. Hann stjórnar nú Sinfóníuhljómsveit Íslands eftir nokkurra ára hlé.

Fös. 29. nóv. » 20:00

Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bernharður Wilkinson

hljómsveitarstjóri

Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljómsveitin Skálmöld sameina krafta sína á tónleikum í Eldborg. Skálmöld hefur vakið mikla athygli á undanföllum árum fyrir kraftmikla tónlist og líflega sviðsframkomu. Þá hafa kjarnmiklir textar hljómsveitarinnar átt sinn þátt í að skapa henni breiðan aðdáendahóp.

Tónlist Skálmaldar er þungarokk með þjóðlaga- og víkingaáhrifum og verður magnað að sjá þessar tvær kraftmiklu hljómsveitir sameinast á sviði. Á efnis-skránni verður meðal annars tónlist af plötum Skálmaldar, *Baldri* og *Börnum Loka*.

Tónskáldið Haraldur V. Sveinbjörnsson færir víkingaskotinn þungmálm Skálmaldar í sífónískan búning.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur á undanföllum árum boðið hljómsveitum og listamönnum úr ólíkum áttum til samstarfs við sig. Afrakstur þessa samstarfs er margir eftirminnilegir tónleikar.

Hljómsveitarstjórinn Bernharður Wilkinson hefur starfað með hljómsveitinni í hartnær fjóra áratugi og stjórnað mörgum af vinsælustu tónleikum hennar.



Matthew Halls



Hallveig Rúnarsdóttir



Jólatónleikar Litla tónsprotans



Sigrún Hjálmtýsdóttir

Fim. 5. des. » 19:30

Aðventutónleikar

Antonio Vivaldi

Veturinn úr Árstíðunum

Marc-Antoine Charpentier

Nótt úr Söng á fæðingarhátíð herrans

Úr Jólasöngvum fyrir hljóðfæri

Johann Sebastian Bach

Fagnid fyrir guði í öllum löndum

Astor Piazzolla *Veturinn úr Árstíðunum fjórum í Buenos Aires*

Georg Friedrich Händel *Tónlist fyrir hina konunglegu flugelda*

Wolfgang Amadeus Mozart

Exsultate, jubilate

Sinfónía nr. 31, Parísarsinfónían

Matthew Halls *hljómsveitarstjóri*

Hallveig Rúnarsdóttir *einsöngvari*

Fingerð og áferðafögur frönsk barokk-tónlist, í anda jóla, hljómar með tónlist Vivaldis og argentínska tónskáldsins Piazzolla. Hann samdi tónverk sitt *Árstíðirnar fjórar í Buenos Aires* sem virðingavott við borgina, tangóinn og Vivaldi. Hin einstaka og hrifandi Mozart-perla, *Exsultate, jubilate*, ásamt Bach-kantötunni *Fagnid fyrir guði í öllum löndum* í meðförum Hallveigar Rúnarsdóttur, konungleg flugeldatónlist eftir Händel og *Parísarsinfónía* Mozarts skapa sannkallaða hátíðarstemningu í upphafi aðventu.

Matthew Halls er í framvarðasveit ungra breskra stjórnenda og hljómborðsleikara. Hann er reglulegur gestastjórnandi hjá hljómsveitum sem sérhæfa sig í tónlist fyrri tíma en stjórnar jafnframt stærri hljómsveitum í virtustu tónleikasölum

og listamiðstöðvum heims. Halls er stofnandi hljómsveitarinnar Retrospect Ensemble sem hefur hlotið mikið lof fyrir flutning og túlkun á tónlist sem spannar fjórar aldir.

Hallveig Rúnarsdóttir stundaði nám við Guildhall-tónlistarskólann í London og útskrifaðist þaðan með láði. Hún hefur komið fram sem einsöngvari bæði heima og erlendis, meðal annars með Sinfóníu-hljómsveit Íslands.

Þetta er í annað sinn sem Matthew Halls stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á aðventutónleikum en síðast stýrði hann flutningi á Messíasi árið 2011 við mikla hrifningu áheyrenda.

Litli tónsprotinn

Lau. 14. des. » 14:00

Lau. 14. des. » 16:00

Sun. 15. des. » 14:00

Jólatónleikar

Bjöllukór Tónlistarskóla

Reykjanesbæjar

Krúttakór Langholtskirkju

Kórskóli Langholtskirkju

Graduale Futuri

Gradualekór Langholtskirkju

Vox Signum

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi þar sem sígild jólalög og klassísk balletttónlist er í forgrunni.

Ungir trompetleikarar þeyta lúðra sína með glæsilegu lagi Íslandsvinarins Leroy's Anderson og nemendur Listdansskóla Íslands túlka *Dans snjókornanna* úr hinum sívinsæla ballett Tsjajkovskijs, *Hnotubrjótnum*. Einsöngvarar jólatón-

leikanna, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Kolbrún Völkudóttir, ásamt kórstúlkum úr Langholtskirkju og Vox Signum, flytja úrval innlendra og erlendra jólalaga sem koma öllum í sannkallað hátíðarskap.

Sú hefð hefur skapast á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar að flytjendur ásamt áheyrendum sameinast í fjölda-söng á jólasálminum *Heims um ból*, í ár með bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem hringir inn jólin. Það er því óhætt að fullyrða að hátíðleg jólastemningin fylli Eldborgarsal Hörpu á jólatónleikum Litla tónsprotans.

Kynnir á tónleikunum er leikarinn góðkenni, Góí, sem hefur notið mikilla vinsælda fyrir vandaðan flutning á fjölbreyttum verkum fyrir börn og fullorðna. Tónleikarnir verða túlkaðir á táknmáli.



Vetur og vor 2014





Hanna Dóra Sturludóttir



Gissur Páll Gissurarson



Sigurvegarar úr einleikarakeppni SÍ og LHÍ 2012

Fim. 9. jan. » 19:30

Fös. 10. jan. » 19:30

Lau. 11. jan. » 16:00

Peter Guth

hljómsveitarstjóri

Hanna Dóra Sturludóttir og

Gissur Páll Gissurarson

einsöngvarar

Vínartónleikar 2014

Glæsileiki og glaðværð ríkir á árlegum Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem mörgum þykir ómissandi upphaf á nýju ári. Tónleikarnir hafa til margra ára verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar.

Að þessu sinni hljómar sígild Vínartónlist undir stjórn Peters Guth sem er Íslendingum að góðu kunnur en hann hefur margsinnis stjórnað og leikið á fjörugum Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar, síðast í janúar 2013. Guth hefur skapað sér nafn sem einn fremsti flytjandi heims á tónlist Strauss-feðga og annarri Vínartónlist og er eftirsóttur gestastjórnandi sem hvarvetna hefur

hlotið lof fyrir lífflega framkomu sína og túlkun.

Einsöngvarar á Vínartónleikunum eru Hanna Dóra Sturludóttir og Gissur Páll Gissurarson. Hanna Dóra Sturludóttir hefur margsinnis sungið með Sinfóníuhljómsveitinni við frábærar undirtektir. Hún hefur sungið með Íslensku óperunni og starfað um árabil í stærstu óperuhúsum Þýskalands og víðar. Gissur Páll hefur komið víða fram sem einsöngvari, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni og tekið þátt í óperuuppfærslum hér heima og erlendis. Hann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2013 fyrir túlkun sína á Rodolfo í *La Bohème*.

„Valsinn fer aldrei úr tísku, hann er alltaf rétt handan við hornið og snýr svo ætíð til baka með gleði.“

— H.L. Mencken

Fim. 16. jan. » 19:30

Ungir einleikarar

Dagskrá kynnt síðar

Bernharður Wilkinson

hljómsveitarstjóri

Sigurvegarar úr einleikarakeppni

SÍ og LHÍ

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur að í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu.

Hver einleikari flytur hálf tíma dagskrá með verkum af ólíkum toga en dómnefnd keppinnar skipar tónlistarfólk í fremstu röð.

Vinningshafar keppinnar vekja verðskuldaða athygli og mikil eftirvænting ríkir yfir þeim krafti sem býr í unga tónlistarfólkinu okkar. Sinfóníuhljómsveitin og Listaháskóli Íslands leiða saman hesta sína og styðja við okkar efnilegasta tónlistarfólk á leið þess inn í heim atvinnu-

mennskunnar. Á sama tíma fá áheyrendur tækifæri til að fylgjast með þroska og framförum þessa unga listafólks.

Einleikarakeppni SÍ og LHÍ fer fram í lok september 2013 og í kjölfarið verða nöfn vinningshafa birt á vef Sinfóníuhljómsveitarinnar.



Christian Mandeal



Víkingur Heiðar Ólafsson



Víkingur Heiðar Ólafsson



Daniel Bjarnason

Fim. 23. jan. » 19:30

Víkingur leikur Brahms

Johannes Brahms *Píanókonsert nr. 1*
Georges Enescu

Rúmensk Rapsódía nr. 1

Franz Peter Schubert *Sinfónía nr. 6*

Christian Mandeal hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Það telst jafnan til tíðinda þegar Víkingur Heiðar leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Í þetta sinn tekst Víkingur á við *1. píanó-konsert* Brahms sem frumflutti konsertinn aðeins 26 ára gamall. Öll þrjú tónverkin á efnisskránni eiga það sameiginlegt að vera samin af ungum mönnum um tvítugt og að allir bjuggu þeir í lengri eða skemmri tíma í Vínarborg. Píanókonsert Brahms er hans fyrsta stóra hljómsveitarverk, eins konar sinfónía fyrir píanó og hljómsveit.

Georges Enescu samdi *Rúmensku Rapsódíurnar* tvær í París. Hann var aðeins níttján ára gamall þegar hann lauk við þá fyrri og er hún einkar glæsileg útfærsla á rúmenskum þjóðlögum og dansandi af gleði.

Franz Schubert fæddist í Vínarborg og bjó þar alla ævi. Hann samdi 6. sinfóníu sína á 21. aldursári, stuttu eftir að hann skrifaði sönglagið ódauðlega *Til tónlistarinnar*.

Rúmenski hljómsveitarstjórinn Christian Mandeal nam hljómsveitarstjórn hjá Karajan í Berlín og Celibidache í München. Hann er annálaður túlkandi rómantískrar tónlistar og hefur á glæstum ferli stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heims.

Fim. 30. jan. » 19:30

Sinfónían á Myrkum

Haukur Tómasson *Í sjöunda himni*
Daníel Bjarnason

The Isle is full of noises

Þuríður Jónsdóttir *Nýtt verk*

Steve Reich *Three Movements*

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Hamrahlíðarkórarnir

Þorgerður Ingólfsdóttir kórstjóri

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum er jafnan spennandi efnisskrá þar sem ný íslensk tónlist er í forgrunni. Frumflutt verður nýtt verk eftir Þuríði Jónsdóttur auk þess sem tvö nýleg íslensk tónverk hljóma; *Í sjöunda himni* eftir Hauk Tómasson og *The Isle is full of noises* eftir Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóra tónleikanna. Efnisskrána fullkomnar *Three Movements* fyrir hljómsveit eftir bandaríska tónskáldið Steve Reich.

Í sjöunda himni eftir Hauk Tómasson var samið af tilefni vígslu Hörpu og frumflutt á opunarhátíð hússins. *The Isle is full of noises* eftir Daníel Bjarnason var samið að beiðni Fílharmóníusveitar Los Angeles og var frumflutt árið 2012 og stýrði tónskáldið James Conlon frumflutningi

verksins. *The Isle is full of noises* er samið fyrir hljómsveit og kór og munu Hamrahlíðarkórarnir taka þátt í flutningi verksins sem hljómar hér á landi í fyrsta sinn.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur um árabil verið virkur þátttakandi á Myrkum músíkdögum og hefur frumflutt mikinn fjölda af verkum á hátíðinni.



Ilan Volkov



Ilya Gringolts



Fim. 6. feb. » 19:30

Gringolts og Volkov

Richard Wagner *Lohengrin*,
forleikur að 1. þætti
Arnold Schönberg *Fiðlukonsert*
Robert Schumann *Sinfónía nr. 4*,
upprunaleg gerð
Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Ilya Gringolts einleikari

Ilya Gringolts vakti heimsathygli þegar hann bar sigur úr býtum í Paganini-keppninni árið 1998, aðeins 16 ára gamall. Hann fékk að auki sérstök verðlaun fyrir að vera yngsti keppandinn til þess að komast í lokaumferðina og fyrir bestu túlkun á *Kaprísúm* Paganinis. Ferill þessa fyrrum nemanda Itzhaks Perlman og Dorothy's Delay hefur verið sérlega glæstur. Gringolts mun leika *Fiðlukonsert* Schönbergs sem gerir gríðarlegar kröfur til einleikarans, bæði hvað varðar tækni og túlkun.

Fjórða sinfónía Schumanns frá árinu 1841 er jafnan flutt í endurbættri útgáfu sem tónskáldið gerði áratug eftir að verkið var frumflutt. Margir telja upprunalegu útgáfuna taka þeirri endanlegu fram og var vinur Schumann-hjónanna, Johannes Brahms, þeirra á meðal.

Þegar Richard Wagner stakk niður penna til að yrkja í tónum var útkoman iðulega mikil að umfangi, langar óperur og forleikirnir í samræmi við það. Forleikurinn að hinni rómantísku óperu *Lohengrin* er oft leikinn einn og sér á tónleikum enda er hann með fegurstu tónsmíðum Wagners.

Lau. 15. feb. » 11:30

Barnastund Sinfóníunnar

Í Barnastundinni 15. febrúar verður flutt lagið *Ég er vinur þinn* úr *Leikfangasögu* af hljóðfæraleikurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig verður flutt úrval léttra og skemmtilegra laga sem mörg hver eiga rætur sínar að rekja til kvikmynda eða leiksviðs. Lög sem koma öllum í ævintýrlega gott skap.

Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Kynnir í Barnastundinni er Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri

Sinfóníunnar, en Bernharður Wilkinson stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni af sinni alkunnu snilld. Sérstakur gestur verður músin knáa, Maxímús Músíkús.

Barnastundin er hálf tíma löng og fer fram í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg. Gott er að taka með sér púða til að sitja á.

Aðgangur er ókeypis.

„Tónlistin var svo fjörug að ekki var annað hægt en að dilla sér dálítið. Maxi hoppaði og skoppaði og sneri sér hring eftir hring. Þetta var gaman!“

— Úr Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann



Gói



Colin Currie

Lau. 15. feb. » 14:00

Jabba-dabba-dú!

Hoyt Curtin úr *Steinaldarmönnunum*

Robert og Richard Sherman

Syrpa úr *Mary Poppins*

Henry Mancini *Bleiki Pardusinn*

Lalo Schifrin úr *Mission Impossible*

Klaus Badelt og Hans Zimmer

Syrpa úr *Sjóræningjum Karíbahafsins*

Harold Arlen *Yfir regnbogann, úr*

Galdrakarlinum í Oz

John Williams úr *Stjörnustríði*

Ray Parker *Draugabonar*

Bernharður Wilkinson

hljómsveitarstjóri

Gói kynnir

Á þessum einstöku tónleikum Litla tónsprotans lifnar töfraheimur kvikmyndanna við í meðförum Sinfóníu hljómsveitar Íslands sem leikur ódauðlegar perlur af hvíta tjaldinu, eftirlætislögin úr uppáhaldskvikmyndunum og glæsilegar syrpur í hljómsveitarbúningi. Tónlistin öðlast aðra vídd í líflegum kynningum og með leikrænum tilþrifum leikarans knáa, Góa.

Kvikmyndatónlistin sem leikin verður á Tónsprotatónleikunum hefur án efa ratað inn á fjölda heimila þar sem mörg laganna hafa orðið að heimilisvinum og sem slík órjúfanlegur hluti af fallegum minningarbrotum bernskuáranna. Hver kannast ekki við upphafsmell *Steinaldarfjölskyldunnar*, sönglögin fallegu úr *Mary Poppins*, taktföstu og hressu lögin úr *Sjóræningjum Karíbahafsins*, lokkandi tónana úr *Bleika pardusinum*, stjarn-

fræðilega flottu tónana úr *Stjörnustríði*, ævintýratónana úr *Galdrakarlinum í Oz* og spennutónana úr *Mission Impossible* og *Draugabönum*.

Jabba-dabba-dú! eru tónleikar fyrir alla fjölskylduna þar sem *Steinaldarfjölskyldan* og *Sjóræningjar Karíbahafsins* mæta tónleikagestum í Eldborg.

Fim. 20. feb. » 19:30

Doctor Atomic

Áskell Músson *Slagverkskonsert*

Samuel Barber *First Essay*

John Adams *Doctor Atomic Symphony*

Baldur Brönnimann

hljómsveitarstjóri

Colin Currie einleikari

Áskell Músson samdi slagverkskonsert sinn árið 2000. Frumflutningur þessa mikla og krefjandi verks beið þó til ársloka 2012 þegar skoski slagverksleikarinn Colin Currie flutti hann með Fílharmóníuhljómsveitinni í Turku undir stjórn Petris Sakari. Currie er meðal fremstu slagverksleikara samtímans. Hann hefur unnið til fjölmargra verðlauna og er eftirsóttur einleikari.

Essay for orchestra heyrðist fyrst á tónleikum í New York undir stjórn Arturo Toscanini árið 1938. Verkið sem í dag er nefnt *First Essay*, til aðgreiningar frá samnefndum verkum Barbers, er ljóðrænt og persónulegt tónmál höfundar leynir sér ekki.

Óperan *Doctor Atomic* eftir bandaríska tónskáldið John Adams var frumflutt

í San Francisco óperunni árið 2005. Síðar útfærði Adams hluta verksins fyrir sinfóníuhljómsveit án söngvara og nefndi *Doctor Atomic Symphony*. Adams er handhafi Pulitzer-verðlaunanna.

Svissneski hljómsveitarstjórinn Baldur Brönnimann er Íslendingum að góðu kunnur en hann hefur um árabíl verið gestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar. Brönnimann starfar með mörgum þekktum hljómsveitum, m.a. fílharmóníuhljómsveitunum í Kaupmannahöfn, Osló og Helsinki og BBC Sinfóníuhljómsveitinni í Lundúnum.







Midori



Eivind Aadland



Leo Hussain



Hallfríður Ólafsdóttir

Fim. 6. mars » 19:30

Midori leikur Mendelssohn

Oliver Kentish *Glaðheimr*

Felix Mendelssohn

Fiðlukonsert í e-moll

Pjotr Tsjajkovskij

Sinfónía nr. 4

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri

Midori einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Japanski fiðlusnillingurinn Midori er á meðal kunnustu tónlistarmanna heims. Ferill hennar spannar ríflega 30 ár en hún vakti heimsathygli þegar hún kom fram með Fílharmóníusveit New York aðeins ellefu ára gömul. Síðan þá hefur hún verið einn af eftirsóttustu fiðluleikurum veraldar og því sérstakt gleðiefni að heyra þessa stórkostlegu listakonu leika hinn ódauðlega *Fiðlukonsert í e-moll* eftir Felix Mendelssohn.

Fjórða sinfónía Tsjajkovskíjs hefur allt til að bera sem prýðir góða sinfóníu. Hún er í senn tignarleg og ljúfsár, tilfinningaþrungin og rómantísk. Tsjajkovskij hafði einstaka náðargáfu er kom að laglínunum og að viðbættum hæfileikum hans í skrifum fyrir hljómsveit getur útkoman ekki orðið annað en stórkostleg.

Í Gyfaginningu er sagt frá *Glaðheimr* sem var samkomuhöll á lðravöllum í Ásgarði og mun þar gleði jafnan hafa ríkt. Konsertforleikurinn *Glaðheimr* eftir Oliver Kentish vísar í þessa frásögn en eiginleg tilurð verksins er þó nýja tónlistarhúsið okkar, Harpa. Verkið er samið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og frábæran hljómburð Eldborgar í huga og bera blæbrigðarík skrif tónskáldsins þess glöggt merki.

Eivind Aadland, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þrándheimi, hefur verið tíður gestur Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Aadland hefur stjórnað Sinfóníunni við mikla hrifningu tónleikagesta og hljóðfæraleikara, nú síðast í janúar 2013.

Fim. 20. mars » 19:30

Kvöldstund með Mozart

Wolfgang Amadeus Mozart

Balletttónlist úr Idomeneo

Flautukonsert nr. 1

Maurerische Trauermusik

Sinfónía nr. 36, Linz

Leo Hussain hljómsveitarstjóri

Hallfríður Ólafsdóttir einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Brunnur snilldarverka Mozarts er nær ótæmandi. Hrifandi flautukonsert hans einkennist af yfirlætislausum þokka og tækifærum einleikarans til að sýna snilli sína umbúðarlaust. Tilhlökkunarefni verður að heyra konsertinn í flutningi Hallfríðar Ólafsdóttur, fyrsta flautuleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en Hallfríður hefur til margra ára verið leiðandi afl í íslensku tónlistarlífi.

Sterkur persónulegur stíll er ríkjandi í danstónlist Mozarts. Balletttónlistin úr *Idomeneo* er þar engin undantekning þar sem fimm fjölbreyttir þættir balletttónlistarinnar mynda órofaheild í ætt við óperuforleik eða sinfóníu. *Sinfónía nr. 36* markaði nýtt upphaf magnaðra sinfón-

ískra skrifa hjá Mozart. Hann samdi þessa ástsælu sinfóníu á aðeins fjórum dögum árið 1783 í góðu yfirlæti hjá Thun greifa í Linz. *Maurerische Trauermusik* er þekktasta frímúraratónlist Mozarts sem sjálfur var reglubróðir. Tónlistin er alvarleg og dramatísk í ætt við *Sálumessu* tónskáldsins.

Það er við hæfi að á þessum Mozart-tónleikum stjórnari breski hljómsveitarstjórinn Leo Hussain, tónlistarstjóri Landestheater í Salzburg, fæðingarbæ Mozarts. Hussain hefur á síðustu árum verið eftirsóttur stjórnandi bæði í óperu- og hljómsveitargeiranum.

„Tónlist Mozarts er svo falleg að hún tælir engla til jarðar.“

— Franz Alexander von Kleist



Tectonics



Tectonics



Allison Bell



Tectonics



Tectonics



Tectonics

Fim. 27. mars » 19:30

Fimmta Beethovens

Daniel Bjarnason Nýtt verk
Igor Stravinskij Eldfuglinn-svíta
Maurice Ravel Shéhérazade
Ludwig van Beethoven Sinfónía nr. 5
Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Allison Bell einsöngvari
Tónleikakynning » 18:00

Fimmta sinfónía Beethovens er eitt vinsælasta verk tónbókmenntanna og ná vinsældir þess langt út fyrir raðir aðdáenda klassískrar tónlistar. Viðurnefnið *Örlagasinfónía* hefur fest við verkið en það er einkum skírskotun til heyrnarleysis tónskáldsins sem var farið að hrjá hann í sköpunarferli verksins.

Nýtt ónefnt verk Daníels Bjarnasonar er annað verkið sem Los Angeles Fílharmóníuhljómsveitin pantar af honum og verður það frumflutt í Walt Disney höllinni í desember næstkomandi undir stjórn Gustavos Dudamel.

Eldfuglinn er fyrsta sagan sem Stravinskij færði í tóna fyrir Rússneska ballettinn í París. Í kjölfarið fylgdu ballettarnir *Petrúska* og *Vorblótið*. Glæsileg svíta Stravinskíjs úr *Eldfuglinum* endurspeglar

ævintýrið um fuglinn glóandi sem bæði fylgir blessun og bölvun.

Ævintýrið um *Shéhérazade* úr Þúsund og einni nótt hefur verið mörgu tónskáldinu hugleikið. Ravel samdi töfrandi tónsmíð við þrjú ljóð um stúlkuna hugrökku sem spennandi verður að heyra í flutningi áströlsku sópransöngkonunnar Allison Bell. Hún hefur sungið helstu hlutverk óperubókmenntanna sem skrifuð hafa verið fyrir háan sópran og er tíður gestur í helstu tónleikasölum heims.

10., 11. & 12. apríl

Tectonics – Taka þrjú!

Ilan Volkov
listrænn stjórnandi

Tectonics-tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands með nýrri tónlist undir listrænni stjórn Ilans Volkov verður haldin í þriðja sinni. Sérstök áhersla á hátíðinni í ár verður lögð á íslenska tónlist með ný íslensk verk og nýja íslenska hljómsveitartónlist í forgrunni þar sem samstarf ólíkra tónlistarmanna úr ýmsum geirum kristallast. Á hátíðinni hljóma meðal annars verk eftir Charles Ross, Valgeir Sigurðsson, Kjartan Sveinsson, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Bergrúnu Snæbjörnsdóttur.

Tectonics-tónlistarhátíðin, sem hleypt var af stokkunum í marsmánuði fyrir tveimur árum, hefur hlotið einróma lof

innanlands sem utan. Á hátíðinni slást heimamenn í tónlist í för með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kynna fjölbreytt verk á nýjan og einstæðan máta. Ýmis rými Hörpu ásamt ólíkum eiginleikum og hljóðvistarlandslagi tónleikasala hússins verða nýtt til hins ýtrasta.

Taka þrjú á Tectonics verður áframhaldandi leiðangur flytjenda og hlustenda um magnaðar hljóðlendur og ómrými Hörpu. Á Tectonics leiða saman hesta sína tónlistarmenn ólíkra heima þar sem óendanlegur fjölbreytileiki tónlistarinnar opnast áheyrendum sem vilja fanga hið óvænta.

„Hvernig getur hljómsveit, sem er afsprengi 19. aldarinnar, orðið framsæknari og róttækari? Er það möguleiki?“

— Ilan Volkov



Lau. 26. apríl » 14:00

Lau. 26. apríl » 16:00

Maxímús kætist í kór

– nýtt ævintýri um Maxímús Músíkús

Georges Bizet *Forleikur og Götudrengjakórinn úr Carmen*

Örlygur Benediktsson

Sveitavísur

Erlend Þjóðlagasyrpa

útsetning Þóru Marteinsdóttur

Þrjú íslensk þjóðlög

útsetning Tryggva Baldvinssonar

Wolfgang Amadeus Mozart

Bona nox - Góða nótt

Engelbert Humperdinck

Kvöldbæn úr Hans og Grétu

Gabriel Fauré *Cantique de Jean Racine*

Stefan Nilsson *Þetta líf er líf sem ég á*

Hallfríður Ólafsdóttir *Lagið hans Maxa*

Bernharður Wilkinson

hljómssveitarstjóri

Valur Freyr Einarsson

sögumaður

Barnakór Selfoskirkju

Unglingakór Selfoskirkju

Drengjakór Reykjavíkur

Gradualekór Langholtskirkju,

Graduale Futuri Langholtskirkju

Kórskóli Langholtskirkju

Kór Öldutúnsskóla

Barnakór Kársnesskóla

Stúlnakór Reykjavíkur


Tónelska músin Maxímús Músíkús er heimilisvinur fjölda barna á Íslandi en hefur einnig unnið hug og hjörtu barna og fjölskyldna þeirra í mörgum löndum Evrópu, Asíu og Ameríku.

Í nýútkomnu ævintýri um Maxa, því fjórða í röðinni, slæst Maxímús Músíkús í för með stórum hópi kórbarna sem eru á leið með rútu upp í sveit í æfingabúðir. Börnin syngja á leiðinni og herma eftir dýrahljóðum, Maxa til mikillar skemmtunar, en Maxa bregður þegar þau syngja um köttinn Brand, mjá! Í æfingabúðunum kynnist Maxi krökkum frá mörgum löndum og lærir skemmtilega söngva og fjörugar lagasyrpur á ólíkum tungu-

málum. Í æfingabúðunum reynist Maxi úrræðagóður eins og alltaf og sannur vinur í raun.

Ævintýrin um Maxa hafa notið fádæma vinsælda og kunnu börn í Kennedy-listamiðstöðinni svo sannarlega að meta músina frá Íslandi þegar Sinfóníuhljóm-sveitin flutti ævintýrið fyrir skólabörn í Washingtonborg í mars síðastliðnum.

Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari, höfundar ævintýranna um Maxímús Músíkús, eru bæði fastráðnir hljóðfæraleikarar við Sinfóníuhljómssveit Íslands.



„ ... þetta líf er lífið mitt og sá himinn sem von mín var kemur víst hér í leitirnar.“

— úr *Þetta líf er líf sem ég á* í þýðingu Þórarins Eldjárns








Vladimir Ashkenazy



Ólafur Kjartan Sigurðarson



Vladimir Ashkenazy



Jorge Luis Prats



Markus Poschner

Fim. 8. maí » 19:30

Ashkenazy og Ólafur Kjartan

Sergej Rakhmanínov

Dauðraeyjan

Modest Músorgskij

Söngvar og dansar dauðans

Johannes Brahms *Sinfónía nr. 1*

Vladimir Ashkenazy

hljómveitarstjóri

Ólafur Kjartan Sigurðarson

einsöngvari

Tónleikakynning » 18:00

Heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Vladimir Ashkenazy, er einn af eftirsóttari tónlistarmönnum veraldar. Eftir um hálfra aldar einstakan feril sem píanóleikari hefur hann að mestu snúið sér að hljómveitarstjórn. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrst 1972 og hefur gegnt stöðu heiðursstjórnanda sveitarinnar í rúman áratug.

Ljóðaflokkurinn *Söngvar og dansar dauðans* eftir Modest Músorgskij er sérlega áhrifamikil tónsmíð. Efnistösk ljóðskáldsins Arseny Golenishchev-Kutuzov eru dökk áferðar; stríð, barnadauði og drykkjuskapur, og ber tónlistin þess merki. Sérstakt gleðiefni verður að heyra barítónsöngvarann Ólaf Kjartan Sigurðarson túlka þennan magnaða ljóðaflokk Músorgskijs.

Tónaljóðið *Dauðraeyjan* eftir Sergej Rakhmanínov er innblásið af samnefndu málverki Arnolds Böcklins sem Rakhmanínov sá í París árið 1907. Tónlistin er rússnesk síðrómantík eins og hún gerist best við upphaf 20. aldarinnar.

Efnisskrána fullkomnar hin frábæra *1. sinfónía* Johannesar Brahms. Sinfónían var lengi í smíðum og gerði Brahms margar atlögur að verkinu áður en hann varð sáttur við útkomuna.

Fim. 15. maí » 19:30

Prats leikur Tsjajkovskij

Pjotr Tsjajkovskij *Píanókonsert nr. 1*

Sergei Prokofjev *Sinfónía nr. 5*

Markus Poschner *hljómveitarstjóri*

Jorge Luis Prats *einleikari*

Tónleikakynning » 18:00

Endurkomu kúbverska píanóvirtúósins Jorge Luis Prats hefur verið tekið fagnandi eftir meira en 30 ára fjarveru frá hinu alþjóðlega tónleikasviði. Árið 1977 vann hann fyrstu verðlaun í Marguerite Long-Jacques Thibaud píanókeppninni. Í kjölfarið hóf Prats alþjóðlegan feril en sökum hamlandi vegabréfsáritana á Kúbu hvarf hann af sjónarsviðinu. Prats er snúinn aftur við ólýsanlega hrifningu tónleikagesta og gagnrýnenda. „Hann er besti píanistinn sem hlustendur hafa ekki heyrt af“ segir á opinberri vefsíðu BBC-tónlistartímaritsins. Það verður því einstakur viðburður að hlýða á hann flytja eitt helsta krúnudjásn píanótónbókmenntanna, *Píanókonsert nr. 1* eftir Tsjajkovskij.

Markus Poschner er tónlistarstjóri Fílharmóníusveitar Bremen og Bremen

Theatre. Með nýstárlegum hugmyndum að efnisskrám hefur hann náð til mikils fjölda áheyrenda og er tónleikagestum á Íslandi að góðu kunnur því hann hefur áður stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni með góðum árangri.

Prokofjev taldi *5. sinfóníuna* vera sitt besta verk sem stæði jafnfætis áhuga-verðustu sinfóníum 20. aldarinnar. Sinfóníunni, undir stjórn tónskáldsins, var mjög vel tekið strax við frumflutning 1945 en á þeim tímamótum stóð Prokofjev á hátindi ferlis síns.



George Benjamin



Nicholas Hodges



Jón Leifs

Fim. 5. júní » 19:30

Dúett og Debussy

Claude Debussy *Children's Corner* – úts. Hans Abrahamsen

György Ligeti *Píanókonsert*

George Benjamin *Duet*

Claude Debussy *La mer*

George Benjamin hljómsveitarstjóri

Nicholas Hodges einleikari

Breski píanóleikarinn Nicolas Hodges þykir einn af fremstu píanistum heims þegar tónverk 20. aldar og samtíma-tónlist eru annars vegar. Hann flytur tvo af eftirtektarverðustu píanókonsertum síðari tíma; hinn magnaða píanókonsert eftir rúmenska tónskáldið György Ligeti, en verkið gerir miklar kröfur til hljómsveitar og einleikara, og *Duet* eftir hljómsveitarstjóra tónleikanna, George Benjamin. Í verkinu *Duet* stillir tónskáldið einleikaranum og hljómsveitinni upp sem andstæðum pólum og er útkoman sérlega kraftmikil og áhugaverð.

George Benjamin stjórnar reglulega hljómsveitum á borð við London Sinfonietta, Ensemble Intercontemporain, Concertgebouw og Berlínarfílharmóníuna. Benjamin nam tónsmíðar hjá Olivier Messiaen, Yvonne Loriod og Alexander Goehr.

Upphaf- og lokaverk tónleikanna eru eftir franska tónskáldið Claude Debussy sem er eitt lykiltónskálda impressjóníska tímabilsins. Píanósvítuna *Children's Corner* samdi Debussy og tileinkaði dóttur sinni. Danska tónskáldið Hans Abrahamsen hefur nú fært þetta fallega verk í hljómsveitarbúning sem heyrir hér á landi í fyrsta sinn. Hljómsveitarverkið *La mer*, *Hafið*, samanstendur af þremur sífónískum skissum. Hér fangar Debussy andrúmsloft og blæbrigði hafsins á stórbrotinn hátt, undiröldu og ógnarkrafta án stefnu

Fös. 13. júní » 19:30

Landsýn

Haukur Tómasson *Storka (Magma)*

Jón Leifs

Landsýn

Hafís

Jean Sibelius *Sinfónía nr. 5*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Schola cantorum og

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson stjórnandi

Tónleikakynning » 18:00

Finnski hljómsveitarstjórinn Jussi Jalas sem var tengdasonur Sibelíusar heillaðist af tónlist Jóns Leifs og hljóðritaði *Sögu-sinfóníuna* með Sinfóníuhljómsveit Íslands 1976. Landi hans Osmo Vänskä endurtók leikinn 20 árum síðar með fyrsta geisladiski BIS í röð útgáfufyrirtækisins á helstu verkum Jóns sem vakið hefur hrifningu víða um heim. Þeirra á meðal er *Landsýn* og *Hafís* þar sem Íslendingasögurnar og óvægin náttúra landsins eru tónskáldinu hugleikin.

Hljómsveitarverkið *Storka* var pantað af pólsku tónlistarhátíðinni Haustið í Varsjá og frumflutt þar. Eftir flutning verksins í Helsinki sagði gagnrýnandi verkið hlaðið

skörpum hljóðmyndum, lagrænu tónmáli og djörfum hrynrænum drifkrafti. Haukur Tómasson hlaut tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir kammeróperu sína *Fjórði söngur Guðrúnar*.

Það tók Sibelius nokkur ár að ljúka við *5. sífóníu* sína í endanlegri mynd og naut hún strax mikillar hylli. Þegar menn stigu fyrst fæti á tunglið í beinni útsendingu lék breska sjónvarpsstöðin BBC sífóníuna í bakgrunninum. Það má vissulega hverfa á vit alheimsvíðáttunnar í faðmi þessarar stórbrotnu hljómkviðu.

„Líf er svo nátengt listinni, það á ekki að dylja neitt. Ég vil vera eins og opin bók, og allir mínir gallar og allar mínar syndir og allt saman má koma fram, því það er nátengt minni list.“

— Jón Leifs í viðtali við Jónas Jónasson árið 1964







Vinafélag Sinfóníunnar

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni sem tengjast

hljómsveitinni. Starfsemi félagsins hefur mælst afar vel fyrir. Sinfóníuhljómsveit Íslands býður vinum sínum á opna æfingu einu sinni á ári. Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu og hægt er að skrá sig með því að senda póst á vinafelag@sinfonia.is eða í miðasölu Hörpu. Árgjaldið er 3.000 krónur.

Tónleikakynningar

Tónleikakynningar í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á fjórtán tónleikakynningar í Hörpuhorni á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og gefst gestum tækifæri til að sitja í fallegu umhverfi og kaupa súpu, brauð og kaffi. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og

stendur í hálf tíma. Kynningarnar eru áhugasömum að kostnaðarlausu. Tónleikakynningar í gulri röð eru í umsjá Sigurðar Ingva Snorrasonar klarínettuleikara, kynningar í rauðri röð eru í umsjá Helga Jónssonar tónlistarfræðings en tónleikakynningar í grænni röð eru í umsjá Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Gula röðin – kynningar

Rozhdestvensky snýr aftur

fimmtudagurinn 10. október 2012

Austrænis tónar

fimmtudagurinn 21. nóvember 2013

Vikingur leikur Brahms

fimmtudagurinn 23. janúar 2014

Fimmta Beethovens

fimmtudagurinn 27. mars 2014

Landsýn

föstudagurinn 13. júní 2014

Rauða röðin – kynningar

Upphafstónleikar

fimmtudagurinn 5. september 2013

Dvorák og Strauss

fimmtudagurinn 3. október 2013

Bartók og Schumann

fimmtudagurinn 14. nóvember 2013

Midori leikur Mendelssohn

fimmtudagurinn 6. mars 2014

Ashkenazy og Ólafur Kjartan

fimmtudagurinn 8. maí 2014

Græna röðin – kynningar

Bach og Beethoven

fimmtudagurinn 19. september 2013

Fiðlukonsert og hirðdansar

fimmtudagurinn 24. október 2013

Kvöldstund með Mozart

fimmtudagurinn 20. mars 2014

Prats leikur Tsjajkovskij

fimmtudagurinn 15. maí 2014

Öflugt fræðslustarf



Fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur verið allt frá stofnun hennar. Fræðslustarfið byggir á gömlum merg en er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði og fjölbreytta miðlun. Í vetur verður boðið upp á hinar vinsælu og skemmtilegu Barnastundir sem ætlaðar eru yngstu hlustendunum og opnar æfingar fyrir framhaldsskóla- og tónlistarnema. Farið verður í heimsóknir í skóla og umönnunarstofnanir og eldri borgurum boðið í heimsókn. Maxímús verður fastagestur í Barnastundum vetrarins og kemur reglulega fram á tónleikum Litla tónsprotans. Í mars fór Maxi í heimsókn til Bandaríkjanna og kynnti Sinfóníuhljómsveitina fyrir ungum hlustendum í Kennedy-listamiðstöðinni en vorið 2014 er væntanleg fjórða bókin um músina knáu sem mun kætast í kór með börnum frá ýmsum löndum. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um fræðslustarf komandi starfsárs frá lokum ágústmánaðar á vef hljómsveitarinnar.

Skólatónleikar

Á hverju starfsári heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands fjölmarga skólatónleika þar sem nemendum, allt frá leikskólaaldri til framhaldsskólanema, er boðið að hlusta á vandaða dagskrá í tali og tónum. Skólatónleikar hljómsveitarinnar hafa vakið

verðskuldaða eftirtekt þar sem tónverk hverra tónleika eru sniðin að ákveðnum aldurshópi. *Í návígi* er tónleikadagskrá fyrir framhaldsskóla- og tónlistarnema þar sem flytjandi og/eða hljómsveitarstjóri kynnrir tiltekið tónverk á opinni æfingu hjá Sinfóníuhljómsveitinni. *Í návígi* koma minni hópar á hvern viðburð og nærvera við hljómsveitina, hljómsveitarstjórann og einleikarann er meiri. Öðruvísi upplifun í miðri hljómkviðunni.

Bókanir á fræðsluviðburði

Skólar geta bókað fyrir nemendur sína á fræðsluviðburði vetrarins frá lokum ágústmánaðar 2013. Nánari upplýsingar er að finna á vef hljómsveitarinnar, www.sinfonia.is/fraedslustarf.

Áheyrnarprufur og keppni

Árlega eru haldnar áheyrnarprufur og keppni fyrir unga efnilega tónlistarnema þar sem sigurvegarar fá í framhaldinu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveitinni. Í ár er leitað eftir þremur ungum trompetleikurum til að leika *Bugler's Holiday* eftir Íslandsvininn Leroy Anderson á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Einleikarakeppni fyrir tónlistarnemendur á háskólastigi, sem haldin er í samvinnu við LHÍ, fer fram á haustdögum en sigurvegarar þeirrar keppni leika á tónleik-

unum Ungum einleikurum í janúar með Sinfóníuhljómsveitinni. Nánari upplýsingar er að finna á vef hljómsveitarinnar.

Ungsveit SÍ 2013


Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur sína fimmtu tónleika nú í byrjun október. Ungsveitin flytur *Karnival í Róm* eftir Hector Berlioz, *La mer* eftir Claude Debussy og sellókonert Edwards Elgar þar sem Sæunn Þorsteinsdóttir leikur einleik. Stjórnandi er Petri Sakari, fyrrum aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar miðla af reynslu sinni og þekkingu og eru virkir í starfsemi Ungsveitarinnar.

Fyrir þau allra yngstu

Barnastund Sinfóníuhljómsveitarinnar er ætluð yngstu hlustendunum. Í Barnastundinni er flutt tónlist í um það bil 30 mínútur í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Tvær barnastundir verða á starfsárinu, 19. október og 15. febrúar, kl. 11:30. Kynnir í Barnastundunum er Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri SÍ, og sérstakur gestur stundarinnar er Maxímús Músíkús. **Aðgangur ókeypis.**


Margrómaðar hljóðritanir

Sinfóníuhljómsveit Íslands gefur reglulega út hljóðritanir á vegum útgáfufyrirtækjanna BIS, Chandos og Naxos. Heildarhljóðritun hennar á sinfóníum Jeans Sibeliusar undir stjórn Petris Sakaris hefur hlotið mikið lof og er metsöluútgáfa Sinfóníunnar til þessa. Hljómsveitin vinnur nú að heildarhljóðritun á verkum Jóns Leifs (BIS) og Vincents d'Indy (Chandos). Fyrsti diskurinn í síðarnefndri röð var tilnefndur til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning árið 2009.



— BBC Music Magazine, Vincent d'Indy, Orchestral Works 3 (2010)

Eldborg Sætaskipan



Miðasala

www.sinfonia.is / s: 528 5050

Þín eigin tónleikaröð með veglegum afslætti!

Áskriftarkort

Svæði	Rauð	Gul	Græn	Tónsprotinn
1	28.560 kr.	28.560 kr.	20.400 kr.	7.360 kr.
1+	36.960 kr.	36.960 kr.	26.400 kr.	7.360 kr.
2	24.640 kr.	24.640 kr.	17.600 kr.	6.080 kr.
3	19.040 kr.	19.040 kr.	13.600 kr.	

Almennt miðaverð

Svæði	Almennt	Svæði	Tónsprotinn
1	5.100 kr.	1	2.300 kr.
1+	6.600 kr.	1+	2.300 kr.
2	4.400 kr.	2	1.900 kr.
3	3.400 kr.	3	1.900 kr.
4	2.300 kr.		

Athugið að almennt miðaverð gildir um flesta tónleika. Sí en þó er lægra miðaverð á tónleika Litla tónsprotans, Ungsveitina, Unga einleikara, Myrka músíkdaga og Tectonics-tónlistarhátíðina. Hækkað verð er á Vínartónleika og Skálmöld. Sjá nánar á www.sinfonia.is.

Hægt er að kaupa Regnbogakort með fernum tónleikum eða fleiri úr hvaða röð sem er eða utan raða. Regnbogakort veitir 20% afslátt.

Afsláttur fyrir 25 ára og yngri 50% afsláttur er af Regnbogakortum í verðsvæði 2, 3 og 4.

Áskriftarkort Áskrift veitir þér 20% afslátt af almennu miðaverði. Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika. Ef keyptar eru tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, er veittur 25% afsláttur. Ef keyptar eru þrjár raðir, Gul, Rauð og Græn, er veittur 30% afsláttur.

Hópafsláttur Veittur er 10% afsláttur fyrir 25–50 miða en 15% fyrir hópa stærri en 50.

Miðasala Miðasala í anddyri Hörpu er opin 10–18 virka daga og 12–18 um helgar og fram að upphafi tónleika. Miða má kaupa á Netinu á www.sinfonia.is, www.harpa.is og í síma 528 5050.

Bílastæði Í kjallara Hörpu eru gjaldskyld bílastæði. Athugið að bílakjallaranum er lokað á miðnætti en er opnaður kl. 7 að morgni alla virka daga og kl. 10 um helgar. Hægt er að greiða bílastæði fyrir allt tónleikaárið fyrir fram á tónleikadaga að eigin vali.

Aðgengi fatlaðra Sérstök sæti fyrir hreyfihamlaða eru á aðal-gólfi og í stúku á 1. svölum.

Sinfónían á Netinu Við hvetjum alla til að skrá sig á póstlistann á www.sinfonia.is og fá reglulega sendar fréttir af tónleikum og tilboðum. Einnig er hægt að gerast vinur Sinfóníunnar á Facebook – facebook.com/sinfonia – og nálgast þannig fréttir af því sem er í farvatninu.

Efnisskrár tónleika eru birtar á vefnum einum degi fyrir tónleika.

Tónleikaupptökur Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum á ruv.is og sinfonia.is í fjórar vikur frá tónleikadegi.

Sala nýrra Regnbogakorta hefst 26. júní 2013.

Almenn miðasala hefst 23. ágúst 2013.

Athugið að miðaverð getur verið breytilegt á einstaka tónleika. Tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara.







Hljóðfæraleikarar og starfsmenn

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Laufey Sigurðardóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik

2. fiðla

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Joanna Bauer
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Mark Reedman
Ólöf Þorvarðsdóttir
Pálína Árnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Helga Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Auður Ingvadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Starfsmenn

Sigurður Nordal framkvæmdastjóri
Arna Kristín Einarsdóttir tónleikastjóri
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Kristbjörg Clausen nótta- og skjalavörður
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður
Grímur Grímsson sviðsstjóri
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Bengt Árstad listrænn ráðgjafi
Ilan Volkov aðalhljómsveitarstjóri
og listrænn stjórnandi

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands

RIK 11 0722 10001 52.83% RIKU 11 0815 98.55 21.19% RIKU 11 1215 98.38 401% RIKU 12 0116 98.04 2.53% RIKB 1
RIK 21 0414 107.17 28.4% RIKU 11 1017 98.99 4.13% HFF150224 107.35 2.56% HFF15 04
RIK 21 0755 77.4% RIKU 11 0815 98.55 21.19% RIKU 11 1215 98.38 401% RIKU 12 0116 98.04 2.53% RIKB 1



Aðalstyrktaraðili:



GAMMA



Sinfóníuhljómsveit Íslands

Miðasala í Hörpu » www.sinfonia.is » www.harpa.is » 528 5050